



JÓL Í VESTURKOTI

2015

Starfsfólk Vesturkots sendir
öllum börnum og
fjölskyldum þeirra bestu
óskir um gleðileg jól og
farsældar á nýju ári.

Með þökk fyrir ánægjuleg
samskipti á árinu sem er að
líða og von um
áframhaldandi gott samstarf
í leikskólanum.



Nú nálgast jólin og allt sem þeim fylgir. Að sjálfsögðu er mikil tilhlökkun hjá börnunum og starfsfólki en einnig fylgir þessum tíma oft óþarflega mikið stress. Að lenda í kapphlaupi við dagatalið um að klára jólaföndur er í okkar huga ekki til þess fallið að stytta jólamánuðinn fyrir börnunum.

Við í leikskólanum höfum hugleitt hvað við getum gert til að draga úr þessu stressi og auðveldað börnunum þennan biðtíma. Við höfum ákveðið að skapa stemningu til að njóta undirbúnings jólanna með áherslu á gleði og ánægju barnanna.

Til að ná þessu markmiði ætlum við að:

- halda okkar dagskipulagi með smá jólakryddi af og til
- gera ekki skipulagt jólaföndur að höfuðatriði, gera bara ef löngun og tími gefst til, „ekkert stress“ og ekki ofgera
- bjóða upp á jólalegan efnivið
- leggja áherslu á jólasöng og jólasögur við kertaljós eða dempuð ljós, minnug þess að jólin eru hátíð ljóss og friðar
- jólagjafavinna í nóvember svo að það sé minna álag í desember



Leikskólinn Vesturkot

Miklaholt 1

220 Hafnarfjörður

S: 565-0220

vesturkot@hafnarfjordur.is

Heimasíða: <http://www.leikskolinn.is/vesturkot>

Helstu viðburðirnir í Vesturkoti tengdir jólahaldinu:



23. og 24. nóvember eru bakaðar piparkökur með börnunum og verður ilmurinn allsráðandi.



Foreldrafélagið stendur fyrir piparkökumálun **laugardaginn 28. nóvember frá kl 10 - 12.** Börnin munu skreyta piparkökurnar sem þau bökuðu í leikskólanum og eiga góða samverustund með fjölskyldu sinni.



Þriðjudaginn 1. desember mæta börn í árgangi 2011 í Jólaborpið til að skreyta jólatré Vesturkots með jólasakrauti sem öll börn skólans hafa tekið þátt í að gera. Foreldrar eru hvattir til að fara með börnunum sínum í jólaborpið á aðventunni og skoða jólatréð og skreytingarnar.



Jólaeikrit verður í boði foreldrafélagsins **fimmtudaginn 3. desember.** Sýningin hefst stundvíslega kl 9:00 og er mjög mikilvægt að öll börn verði mætt í skólann í síðasta lagi kl **8:45.**



Mánudaginn 7. desember setjum við upp kaffihúsastemningu í salnum, bjóðum öllum börnunum upp á heitt kakó og borðum piparkökurnar sem þau bökuðu og skreyttu. Kaffihúsið verður á eftirtöldum tímum:
Fyrir Austurholt og Norðurholt kl 9.
Fyrir Vesturholt og Suðurholt kl 14:30.



Miðvikudaginn 9. desember fara elstu börnin fædd 2010 í Hvaleyrarskóla og taka þátt í jólasamverustund. Börnin munu syngja saman nokkur lög og gæða sér á góðgæti. Samveran hefst kl **10:10.**



Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða aðfaranótt **12. desember** og mælum við með því að skógjafir séu geymdar heima. Við ræðum um jólasveinana og styðjumst við kvæði Jóhannesar úr Kötlum.

Jólaball Vesturkots verður **föstudaginn 11. desember.** Þá klæðast allir einhverju **rauðu** og við dönsum og syngjum í kringum jólatréð. Jólasveinninn kemur í heimsókn í boði foreldrafélagsins með gjafir handa börnunum.
***Ballíð fyrir Austurholt og Norðurholt er kl 9.**
***Ballíð fyrir Suðurholt og Vesturholt er kl 10.**
Við gæðum okkur síðan á sannkölluðum hátíðarmat í hádeginu, hangikjöti og tilheyrandi meðlæti.



15. desember fara börn fædd 2010 og 2011 í Sívertsenhúsið og skoða jólahald fyrri tíma. Börnin á Vesturholti mæta kl 10 og börnin á Suðurholti kl 11. Mikilvægt er að börnin komi ekki síðar en kl 9 í leikskólann svo allir náí strætó.



Við kveikjum á aðventukertunum á aðventunni. Ykkur til fróðleiks þá eru kertin eftirfarandi:
***Fyrsta kertið heitið Spádómskerti** sem minnir okkur á fyrirheit spámanna um komu frelsarans.
***Annar kertið nefnist Betlehems-kerti** og minnir okkur á þær móttökur sem Jesús fékk þegar hann fæddist.
***Þriðja kertið nefnist Hirðakerti** og minnir það okkur á hirðana sem gættu kindanna úti í haga.
***Fjórða og síðasta kertið er Englakerti** sem minnir á lofsöng englanna.



Af gefnu tilefni biðjum við foreldra að láta vita ef börnin verða í fríi á milli jóla og nýárs og fyrstu dagana í janúar. Ef enginn tilkynnir frí gerum við ráð fyrir sama fjölda barna í mat. Það færir því mikill matur til spillis ef svo aðeins hluti barnanna kemur.